

A photograph of a child in a vineyard. The child is wearing a white knit hat and a white quilted jacket with a yellow sash. They are reaching out towards a bunch of dark grapes hanging from a vine. The background shows other grapevines and leaves.

Skólanámskrá Huldubergs

2024

Leikskólinn Hulduberg

Leikskólinn Hulduberg stendur við Lækjarhlíð 3 í Mosfellsbæ/ Sími 586-8170.

Netfang leikskólans er [hulduberg\[hja\]hulduberg.is./](mailto:hulduberg[hja]hulduberg.is/)

Heimasíða leikskólans

Rekstraraðili: Mosfellsbær / Leiðtogi málefna leikskóla: Þrúður Hjelm

Leikskólastjóri er Þuríður Stefánsdóttir / Aðstoðarleikskólastjóri er Jóna Rún Gísladóttir

Leikskólinn Hulduberg var formlega tekinn í notkun 2. nóvember 1999. Fermetratala húsnæðis er 1010,1 m². Stærð lóðar er 5636 m². Arkitekt leikskólans er Elísabet Gunnarsdóttir en hún hannaði einnig útileiksvæðið.

Hulduberg var stækkað með viðbyggingu sem tekin var í notkun 20. febrúar 2006. Viðbótin er samtals 280,6 m². Kanon arkitektar ehf. sáu um hönnun nýja hlutans. Lóð leikskólans var endurhönnuð og henni breytt sumarið 2020, um það sáu Áslaug Traustadóttir og Þuríður Ragna Stefánsdóttir, landslagsarkitektar hjá Landmótun.

Í leikskólanum dvelja um það bil 102 börn í einu og eru þau á aldrinum eins til þriggja ára. Deildir leikskólans eru sex: Silfurberg, Stuðlaberg, Flikrberg, Móberg, Álfaberg og Tröllaberg, en tilkoma nafnanna voru valin út frá íslenskum bergtegundum til að tengja leikskólann við íslenska náttúru.

Hvert barn á sína heimastofu (deild).

Heimastofur eru hannaðar til að ná fram þeim markmiðum og áherslum sem settar eru fram í námskránni. Leikskólinn býður upp á fjölnota rými sem öll börn leikskólans hafa aðgang að.

Rýminu er skipt upp í nokkur svæði og er þar að finna margskonar efnivið sem býður upp á fjölbreyttan leik barnanna. Svæðin eru hönnuð út frá því að efla alhliða þroska barnanna og til að nálgast þau markmið og áherslur sem við setjum fram í skólanámskránni.



Opnunartími o.fl.

Leikskólinn Hulduberg er opinn á virkum dögum frá kl.7:30-16:30 nema á föstudögum þá er lokað kl. 14:00.

Morgunverður er milli kl. 8:15-9:00 og eru flest börnin komin fyrir þann tíma.

Hádegisverður er kl.11:30-12:00 en þá tekur við hvíldarstund í húsinu til 14:30. Foreldrar eru beðnir að virða þann tíma. Hámarksdvöl barna eru 9 klst. á dag. Leikskólagjöld greiddast fyrirfram ýmist með kreditkortgreiðslum eða krafa send í heimabanka.

Mikilvægt er að virða vistunartíma barnsins síns því vinnutími og fjöldi starfsfólks í húsi fer eftir fjölda barna.

Foreldrar og forráðamenn systkina er nota þjónustu dagforeldra, leikskóla og frístundaselja Mosfellsbæjar fá systkinaafslátt.

Foreldrar geta valið breytilegan vistunartíma innan vikunnar eða mánaðar, þ.e. ekki þurfa allir dagar að vera eins. Eins og áður er lágmarks vistunartími á viku 20 tímar. Breytilegur vistunartími er með þeim fyrirvara að hann er háður samþykki leikskólastjóra þar sem fyrirsjáanleiki þarf að vera til staðar m.t.t. skipulags vinnutíma starfsfólks.

Umsókn á breytingu vistunartíma þarf að berast inn á Völu fyrir 20. hvers mánaðar til að taka gildi næstu mánaðarmót á eftir. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, lágmark einn mánuður. Uppsögn þarf að vera skrifleg (rafræn).

Foreldrar þurfa að taka sumarleyfi fyrir börn sín a.m.k. 20 virka daga samfellt á tímabilinu 15. maí til 15. ágúst. Námskeiðs og skipulagsdagar eru 5 á hverju starfsári og er leikskólinn lokaður þá daga. Samræmt er milli leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar með slíkar lokanir.

Skráningardagar

Starfsfólk sem starfar í leikskólum Mosfellsbæjar taka út sína kjarasamningsbundna styttingu alla föstudaga eftir kl. 14:00, tvo daga í vetrarfríi fyrir áramót og tvo daga eftir áramót, þrjá daga í kringum jólin og þrjá daga í dymbilvikunni. Þessir dagar köllum við skráningardaga og þeir foreldrar sem ekki hafa tæk á að hafa börnin heima á þessum dögum vegna vinnu geta sótt um vistun fyrir þau.

Fyrirkomulagið stuðlar að heilbrigðu jafnvægi milli heimilis og leikskóla og hefur jákvæð áhrif á börnin, fjölskyldurnar og leikskólastarfið í heild sinni. Við viljum leggja okkar af mörkum til að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi og barnið í brennidepli.

Börn sem fá að njóta reglulegra frídaga og gæðatíma með fjölskyldu sinni koma hvíld og endurnærð til baka í leikskólann, tilbúin til að taka þátt í leik og starfi með jákvæðni og áhuga. Það eflir einnig sjálfsöryggi barnanna, stuðlar að tilfinningalegum þroska og styrkir tengslin innan fjölskyldunnar. Þetta getur haft jákvæð áhrif á hegðun og líðan barnanna, bæði heima og í leikskólanum.

Með skráningardögum erum við að skapa betra vinnuumhverfi fyrir leikskólakennarana og starfsfólkið og gerir það okkur að eftirsóknarverðum starfsvettvangi. Reglulegir skráningardagar minnkar álag á starfsfólk leikskólans og hefur þar af leiðandi áhrif á vinnuframlagi þeirra, sem leiðir til bættrar umönnunar og menntunar fyrir börnin.



Öryggi og ábyrgð

Mikilvægt er að foreldrar hugi vel að öryggi barna sinna og fylgi þeim ætíð alla leið inn á deild.

Nauðsynlegt er að tilkynna starfsmönnum á deild barnsins þegar það mætir og eins þegar barnið er sótt.

Ekki er heimilt að senda börn undir 12 ára aldri að sækja leikskólabarnið.

Ef einhver annar en foreldri sækir barnið þarf að láta vita sérstaklega samdægurs.

Mikilvægt er að útihurðir séu vel lokaðar, bæði þær sem snúa að bílastæði og garði, svo öryggi barnanna sé tryggt.

Tilkynningar um fjarveru barns

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að láta vita ef barnið kemur ekki í leikskólann. Hægt er að fá samband við deild barnsins eða biðja fyrir skilaboð í síma 5868170. Einnig er hægt að skrá fjarvistir/leyfi og senda skilaboð í gegnum Völuna.

Veikindi barna

Leikskólinn getur ekki tekið á móti **veikum** og/eða **vansvefta** börnum. Ef grunur leikur á að barn sé að veikjast eða beri smit á barnið ekki að mæta í leikskólann. Nauðsynlegt er að barnið jafni sig vel af veikindum sínum heima og mæti aftur **frískt** í leikskólann svo það geti tekið þátt í allri daglegri starfsemi leikskólans **úti sem inni**. Ef barn veikist eða slasast í leikskólanum ber starfsmanni að láta foreldra vita eins fljótt og kostur er á.

Lyfjagjafir

Börnum eru ekki gefin lyf í leikskólanum. Beri brýna nauðsyn til lyfjagjafar vegna sérstakra aðstæðna barns, skal hafa samráð um það við leikskólastjóra og/eða deildarstjóra á deild barnsins. Foreldrar þurfa í upphafi leikskólagöngu að tilkynna ef barnið er með ofnæmi, astma eða annan sjúkdóm.

Foreldrafélagið og foreldraráð


Við leikskólann okkar er starfandi foreldrafélagið Huldufólk sem stofnað var árið 2000. Foreldrafélagið hefur staðið að uppákomum fyrir börnin og foreldra. Safnað hefur verið í sjóð með því að senda út gíróseðla. Stjórn félagsins er skipuð 12 fulltrúum, tveir frá hverri deild.

Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best.

Foreldraráð hefur einnig verið stofnað á Huldubergi skv. lögum sem sett voru árið 2008. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð hefur fengið til umsagnar starfsáætlun leikskólans fyrir hvert ár.


Foreldrafundur og foreldraviðtöl

Á hverju hausti er haldinn foreldrafundur fyrir alla nýja foreldra áður en aðlögun hefst, þar sem farið yfir starfsemi leikskólans. Foreldraviðtöl eru höfð tvisvar á ári en foreldrar geta þó alltaf beðið um foreldraviðtöl á öðrum tímum árs. Foreldraviðtölin eru í okóber og í febrúar.



Markmið og gildi leikskólans

Tilgangur með markmiðum og gildum er að veita skýra stefnu og samræmi í starfi. Þau tryggja að börnin fái holla og markvissa menntun, styðja við þroska þeirra og velferð, og hjálpa starfsfólki að vinna saman að sameiginlegum markmiðum í umhyggju og námi.



Markmiðin okkar eru:

- Að barnið er alltaf í brennidepli
- Að skapa umhverfi sem eflir alhliða þroska barnsins
- Nám barnsins fer fram í gegnum leikinn
- Að hafa málhvetjandi umhverfi, til að stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- Að leikskólinn sé heilsueflandi
- Börnin öðlast festu og öryggi í leikskólanum
- Að allt starf leikskólans sé í nánú samstarfi við foreldra
- Að foreldrar séu okkar samstarfsaðilar í umönnun barnanna og við veitum þeim stuðning í foreldrahlutverkinu.

Virðing

Við ávinnum okkur virðingu með því að vera heiðarleg, kurteis og traust. Starfsfólk er tillitssamt, einlægt og fagnar fjölbreytileikanum

Framsækni

Við höfum vilja og áræðni og hugrekki til að vera framsækin. Starfsfólk tileinkar sér nýjungar, leggur áherslu á starfsþróun og skilvirk vinnubrögð

Jákvæðni

Við erum jákvæð með því að hlusta og hrósa af einlægni. Víðsýni og þakklæti eru okkar einkunnarorð og hjá Mosfellsbæ er tekist á við ný verkefni með lausn í huga.

Umhyggja

Við sýnum umhyggju með því að vilja öðrum vel, vera kærleiksrík og jákvæð í framkomu. Áhugi og hjálpsemi einkennir allt okkar starf.

Þáttökuaðlögun

Að byrja í leikskóla markar upphaf skólagöngu barns og er því stór stund í lífi þess og foreldra. Gagnkvæm virðing milli foreldra og starfsfólks leikskólans er forsenda þess að barninu líði vel og að það fái notið sín til fulls. Því er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis.

Hér á Huldubergi fer fram þáttökuaðlögun. Markmiðið er að barnið kynnist leikskólanum og starfsmönnum á rólegan og öruggan hátt með stuðningi foreldra sinna og foreldrar kynnist starfsfólkinu og öðrum foreldrum. Aðlögunin byggir á fullri þáttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað. Foreldri sinnir eigin barni, skiptir á því, gefur því að borða, leikur með því og er til staðar fyrir það. Mikilvægt er að foreldri sé jákvætt og sátt með aðlögunina því það smitast yfir á barnið. Þáttökuaðlögun byggir á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna.

Hvað þarf barnið að koma með í leikskólann?
- Útifatnað - Barnið þarf að vera klætt eftir veðri til að geta notið útiveru. Dæmi um útifatnað: pollagalli, kuldagalli, skór (stígvél, kuldaskór, strigaskór) þykk peysa og buxur, ullarsokkar, húfa og vettlingar. Í kassanum inni á salerni verða að vera aukaföt s.s. nærföt/samfella, sokkar, sokkabuxur, buxur og peysa. Einnig er gott að hafa meðferðis auka vettlinga og húfu ef blautt og kalt er í veðri til að hafa í kassanum fyrir ofan fataklefana.
- Bleyjur
- Kodda og teppi fyrir hvíldina
- Snuð (ef barnið notar slíkt)
- Kúrudýr (ef barnið notar slíkt)

1 dagur - Stutt heimsókn

Foreldrar merkja sig og börnin með límmiðum. Foreldrar fara með bleyjur og aukaföt inn á salerni. Foreldrar sinna öllum líkamlegum þörfum barnsins þennan dag, sjá um salernisferðir /bleyjuskipti og leika við þau.

2 & 3 dagur 9:00-11:35

Í dag er frjáls leikur og útivera og er ýmist hvort deildin byrjar á frjálsum leik eða í útiveru. Á meðan bleyjuskiptin standa yfir eru börnin í frjálsum leik og starfsmaður kallar á foreldra þegar þeir eiga að skipta á sínum börnum. Farið verður í samveru eftir bleyjuskipti og síðan fara börnin í hádegismat og fara síðan heim. Foreldrar sinna öllum líkamlegum þörfum barnsins þennan dag, sjá um salernisferðir, gefa þeim að borða og leika við þau.

4. dagur - 9:00-14:00 eða eftir hvíld

Við tökum á móti ykkur í útiveru og ætlum við að hafa Sulludag. Foreldrar kveðja strax eða sem fyrst ef vel gengur. Einstaka barn hefur foreldri sitt á fjórða degi en reynslan sýnir að þau eru fá. Frjáls leikur frá kl. 9:45-10:30. Á meðan bleyjuskipti eru í gangi eru börnin í frjálsum leik og síðan tekur samvera við. Eftir samveru fá börnin hádegismat og fara í hvíld hjá okkur en hringt er í foreldra ef barn sofnar ekki svo það fái sína daglegu hvíld, annars þegar það vaknar.

5. dagur - 9:00-14:00

Við tökum á móti börnunum inni og foreldrar kveðja strax eða sem fyrst ef vel gengur, það verður sápuvéluför og útivera í dag. Samvera og bleyjuskipti. Barnið borðar síðan og hvílir sig en hringt er í foreldra ef barn sofnar ekki annars er sótt klukkan 14:00

Menntandi umhyggja

Umönnun, uppeldi og menntun

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Leggja skal áherslu á styrkleika barna og hæfni og þörf þeirra fyrir vernd og leiðsögn fullorðinna.

Umönnun

Umönnun er stór þáttur í starfi með ungum leikskólabörnum og er mikilvægt að líta á umönnun sem hluta af uppeldi og menntun til að tryggja heildræna nálgun til að styðja við þroska og nám barna og viljum við þar af leiðandi tala um menntandi umhyggju. Mikilvægi þessa endurspeglast í því að börn eru frekar í stakk búin til að tileinka sér færni til náms síðar á lífsleiðinni.

Skilgreining á hugtakinu umönnun í uppeldisfræðilegu samhengi getur verið að veita hverju barni umhyggju, öryggi og stuðning. Umhyggja birtist í öllu starfi leikskólans og það er nauðsynlegt að hún birtist á faglegan hátt svo að óyrstum þörfum barna sé einnig sinnt.

Starfsmenn þurfa að vera færir í að setja sig í spor barna, skapa traust og öruggt umhverfi með því að skapa festu í samskiptum og gjörðum sem einkennast af nærgætni. Jafnframt er umhyggja fólgin í því að huga að vellíðan og menntun barna.

Uppeldi - Jákvæður agi

Mikilvægt er að skapa jákvæðar og uppbyggilegar aðstæður fyrir börnin til að þroskast og dafna. Börn á aldrinum 1-3 ára eru að þróa grunnfærni sína í samskiptum og hegðun og því er mikilvægt að nálgast aga með skilningi, þolinmæði og hvatningu.


Lögð er áhersla á að kenna börnunum rétta hegðun með fordæmi og jákvæðu viðhorfi. Þessi nálgun felur í sér að:

Kenna rétta hegðun: Börn á þessum aldri læra mest með því að fylgjast með öðrum og herma eftir þeim. Með því að sýna þeim rétta hegðun og útskýra af hverju hún er mikilvæg, geta þau lært að hegða sér á æskilegan hátt.

Samskipti og tengsl: Að byggja upp traust og öryggi í samskiptum við börnin er grundvallaratriði. Þetta felur í sér að hlusta á börnin, tala við þau á þeirra eigin forsendum og sýna þeim virðingu.

Skilningur á tilfinningum: Börn á aldrinum 1-3 ára eru að læra að þekkja og stjórna tilfinningum sínum. Með því að hjálpa þeim að setja orð á tilfinningar sínar og finna viðeigandi leiðir til að tjá þær, eykst skilningur þeirra á eigin tilfinningum og tilfinningum annarra.

Hvatning og jákvæð styrking: Með því að hrósa börnunum fyrir góða hegðun og jákvæðar tilraunir, eru þau hvött til að halda áfram á réttri braut. Jákvæð styrking getur verið í formi orða, faðmlaga eða annarra uppörvandi aðgerða.



Að setja skýr mörk: Börn þurfa skýr mörk til að skilja hvað er ásættanlegt og hvað ekki. Mörkin ættu að vera skýr og stöðug og útskýrð með einföldum og skýrum hætti.

Með því að fylgja þessum grundvallaratriðum getur jákvæður agi hjálpað börnum á aldrinum 1-3 ára að þróa með sér jákvæða hegðun, tilfinningalega greind og góð samskiptahæfni.

Menntun - Leikurinn

Leikur er talinn vera börnum eðlislægur og jafnframt megin náms- og þroskaleið þess. Skilgreining á leiknum er að hann er sjálfsprottinn og skapandi ferli, þar sem áhugasvið barnsins ræður för.

Börn læra ýmislegt í gegnum leikinn og má þá nefna; að skilja umhverfið sitt, leysa vandmál og setja sig í spor annarra, tjá hugmyndir sínar og taka þátt í lýðræðislegum athöfnum.

Til þess að gott nám geti átti sér stað í leikskólanum er mikilvægt að börnin finni fyrir öryggi og líði vel, viðmót starfsfólks skiptir því miklu máli eins og að mynda hlýleg tengsl við börnin, styðji þau og skapi jákvætt andrúmsloft í leikskólanum.

Mikilvægt að hinn fullorðni skapi frekar barninu tækifæri til að gera hlutina sjálf í stað þess að taka tækifæri af barninu til að þroskast.

Ung leikskólabörn leika meira samhliða en eldri börn. Félagssleg einkenni koma snemma í ljós og eru líka til staðar í samhliða leik en sá þáttur verður síðan meira áberandi eftir því sem börn eldast.

Ung börn nota mikið líkama sinn til að tjá sig og fyrirætlanir sínar um að hefja leik með öðrum börnum.

Stundum hringsóla þau í kringum leik annarra barna og gefa til kynna til dæmis með efniviði eða einföldum orðum að þau vilji taka þátt. Til þess að viðhalda leik nota þau meðal annars augnsamband, líkja eftir athöfnum hvert annars og tjá sig með hljóðum og orðum. Auk þess nota þau efnivið til þess að viðhalda leik með öðrum börnum þar sem stór leikföng, til dæmis púðar og kerrur, geta hjálpað þeim að tengjast hvert öðru og kallað fram líkamlega virkni þeirra.

Efniviður leikskólans

Efniviður fyrir börn á aldrinum 1-3 ára þarf að vera öruggur, fjölbreyttur og hvetjandi fyrir skynjun og þroska. Þetta getur verið mjúkir kubbar, litlir boltar, dúkkur, leikföng sem eflir skynjun, harðspjalda bækur og einföld púsluspil. Efniviður sem er í boði styður við hreyfiþroska, fínhreyfingar og skynjun, til dæmis mjúk efni, vatn og sandur til að kanna á fjölbreyttan hátt. Mikilvægt er að leikföngin séu örugg, stór og auðvelt fyrir litlar hendur að grípa.

Könnunarleikur

Leikurinn er frábær leið til að hvetja ung börn til að skoða og kanna umhverfi sitt. Með þessari aðferð notar starfsfólk margs konar endurnýtanlegt efni án verðmæta, eins og jógúrtdósir, áldósir, lykla, pappahólka, perlubönd og ýmislegt annað sem getur vakið áhuga barna. Tilgangurinn er að örva forvitni barnanna og áhuga á efniviðnum og þar af leiðandi að skilja heiminn aðeins betur.

Hreyfiþroski

Efniviður fyrir fínhreyfingar: kubbar, pinnar, til að þræða ofl.

Efniviður fyrir grófhreyfingar: boltar, þrautabrautir, klifra, þjálfar jafnvægi og aðstaða til að hlaupa.



Félags- og vitsmunapróski

Efniviður sem eflir athygli, flokkun og minni.

Einnig efniviður sem eflir þykjustu- og eftirhermileikir eins og búningar, dúkkur og eldhús og eldhús dót og margt margt fleira.

Menntun - skapandi starf

Við leggjum áherslu á ferlið sjálft frekar en útkomuna og styðjum börnin í að kanna fjölbreyttan efnivið, leika sér með hugmyndir sínar og njóta sín í skapandi starfi.

Sköpun örvar heilann og hjálpar börnum að átta sig á hugtökum eins og lögun, lit, áferð og form. Börnin fá þá einnig tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og tilfinningalegt ástand í gegnum skapandi ferli. Í sameiginlegri sköpun geta börn lært um samskipti, samstarf og hlutverkaskiptingu með því að deila efniviði og hugmyndum. Sköpunarferlið leyfir börnum að tjá persónulegar hugmyndir og nota hugmyndaflugið, sem styrkir sjálfstraust og sjálfsmýnd þeirra.

Efniviður

Við notum efnivið sem gefur þeim tækifæri til að kanna en börn eru í eðli sínu forvitin og nota skilningarvitin til að kanna heiminn. Með aðgengi að fjölbreyttum efniviði fá þau tækifæri til að uppgötva hvað hentar þeim best og hvað vekur áhuga þeirra.

Við notum einnig efnivið sem eflir tilrauna- starfsemi en við leyfum börnunum að gera tilraunir með efni, án þess að hafa fyrirfram hugmynd um „réttu“ niðurstöðu. Þau læra með því að prófa og gera mistök, sem er hluti af þroskaferlinu.

Að lokum má nefna að við notum efnivið sem eflir tjáningu en ferlið gefur börnunum tækifæri til að tjá eigin hugmyndir og tilfinningar án takmarkana eða þrýstings um að afraksturinn verði „réttur“ eða fallegur.

Menntun - málhvetjandi umhverfi

Börn læra tungumál í gegnum samtöl og mikilvægt er að þau hafi góðar málfyrirmyndir. Þau þurfa að heyra mál sem inniheldur fjölbreyttan orðaforða og fá fjölmörg tækifæri til þess að tjá sig.

Við sköpum aðstæður þar sem börnin fá tækifæri til að heyra, sjá og æfa tungumálið. Með virkum samskiptum, söng, leikjum og bókalestur eru börn stöðugt hvött til að taka þátt í mállegum athöfnum, sem eykur sjálfstraust þeirra og færni í tungumálinu.

Leikskólinn merkir allan efnivið með myndum, táknum og/eða texta til að veita börnum vísbendingar um málið. Einnig erum við með dagskipulagið myndrænt fyrir börnin til að hjálpa þeim að tengja orð við hluti og athafnir. Þetta stuðlar að sjónrænum og mállegum tengingum og eykur orðaforða.

Við notum virka hlustun og sýnum börnunum áhuga á því sem þau hafa að segja. Við endurtökum setningar barnsins á réttan hátt til að veita jákvæða málörvun, styðja við sjálfstraust þess og leyfum því að læra óþvingað án þess að finna fyrir gagnrýni.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í að styðja við og efla málþroska barna sinna og samstarf á milli leikskóla og foreldra er mikilvægt til að tryggja samræmi og samfellu í málörvun barna bæði í leikskólanum og heima.

Menntun - Skipulagt starf

Skipulagt starf í leikskóla felst í að skapa umhverfi þar sem börn geta þroskast, lært og leikið sér á öruggan og markvissan hátt. Þetta krefst vel ígrundaðs skipulags og fjölbreyttra starfsaðferða. Hér eru helstu þættirnir sem skipulagt starf í leikskóla felur í sér:

Markviss málörvun

Markviss málörvun fyrir börn á aldrinum 1-3 ára felur í sér skipulagðar og kerfisbundnar aðgerðir til að styðja við og þróa málþroska þeirra á þessum mikilvæga þroskaskiði. Það felur í sér verkefni/leiki sem eflir skilning og tjáningu barna.

Lubbi finnur málbein

Lubbi er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára. Efnið nýtist til að efla orðaforða barna og ýtir undir skýrari framburð.

Blæstundir

Vináttuverkefni Barnaheilla (Fri for Mobberi) er forvarnarverkefni gegn einelti. Það kemur frá Danmörku og er þróað og mótað af samtökunum Red barnet og Mary Fonden.

Tilgangur verkefnisins er að fyrirbyggja einelti með því að kenna góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Hugmyndafræðin endurspeglast í fjórum gildum sem eru umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Lögð er áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því (Barnaheill, e.d.).

Í starfi okkar í Huldubergi er unnið markvisst með svokallaðar Blæstundir. Bangsinn Blær er táknmynd vináttu í verkefninu. Stóra Blæ fylgja litlir hjálparbangsar. Hvert og eitt barn í leikskólanum fær sinn eigin litla Blæ í upphafi leikskólagöngu sem þau taka með í stundirnar.

Blær og hjálparbangsarnir tákna traust og vináttu í verkefninu. Bangsarnir eiga að minna börnin á að vera góður félagi allra og passa upp á hvort annað.

Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða.

Það er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali.

Hreyfistundir

Einu sinni í viku fara börnin í skipulagða hreyfistund, markmiðið er að efla hreyfiþroska barna í gegnum skemmtilega hreyfileiki.

Þemavinna

Í þemavinnu er unnið með þema mánaðarins og eru slíkar stundir teknar fyrir í daglegu starfi skólans og gefst góður tími til að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín. Börnin eru leidd áfram í þekkingarleit sinni án þess að svarið sé lagt fyrir þau. Markmið leikskólans eru höfð að leiðarljósi við vinnu að hópastarfstímum barnanna.

Menntun - Útivera

Útivera er mikilvæg fyrir líkamlegan, félagslegan og vitsmunalegan þroska barna. Á aldrinum 1-3 ára eru börn að þróa grunnfærni eins og jafnvægi, gang og hlaup og útivera gefur þeim tækifæri til að æfa þessa færni í öruggu og opnu umhverfi.

Þar sem garðurinn er stór og tvískiptur fyrir yngri og eldri börn, geta þau notið útiveru sem er sniðin að aldri þeirra og þroska. Skiptingin gerir einnig kleift að nota leiktæki og leikföng sem eru sérsniðin að þörfum hvers aldurshóps, sem skapar betri leikaðstæður og stuðlar að farsælum þroska allra barnanna.



Stuðningur

Hvert barn er einstakt og hefur persónubundna eiginleika sem ráðast bæði af erfðum og umhverfi. Ef þroski, hegðun eða líðan barns vîkur frá því sem telst eðlilegt fyrir aldur eða er til trafala við leik, nám eða samskipti er það skilgreint sem frávik. Mikilvægt er að finna slík frávik hjá börnum eins snemma og hægt er, svo grípa megi til úrræða sem draga úr erfiðleikum og bæta framtíðarhorfur.

Sérkennslustjóri sér um mál þeirra barna sem þurfa einstaklingsbundinn og snemmtækan stuðning. Einstaklingsnámskrár eru mótaðar sem og matsáætlanir sem taka mið af starfi leikskólans og tillögum sérfræðinga s.s. sálfræðingum á vegum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar, Þroska- og hegðunarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnar og talmeinstöð Íslands.

Farsældarhringurinn

Er samþætting þjónustu í þágu farsældar barna Lög nr. 86/2021

Lögin tóku gildi 1. janúar 2022

Innleiðing hófst formlega í ágúst 2022 hjá Mosfellsbæ. Innleiðingarferli 3-5 ár

Öll börn (0-18 ára) og forsjáraðilar þeirra sem þurfa á að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi og án hindrana.

Öll sem bera ábyrgð samkvæmt lögum þessum skulu:

- Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
- Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og hún vaknar.
- Eiga samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra

Tengiliður skólans: Er að finna á heimasíðu skólans.

Hlutverk: Tengiliður skal vera aðgengilegur öllum börnum og foreldrum og hefur hann viðeigandi þekkingu til að vera innan handar og aðstoða við að sækja viðeigandi þjónustu við hæfi. Þannig geta foreldrar og börn leitað til eins aðila sem hefur yfirsýn yfir allt þjónustukerfið.

1. stigs þjónusta


Grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum. Einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur. Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar.

2. stigs þjónusta

Einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur. Félagsþjónusta og skólaþjónusta tilheyra 2. stigi. Ítarlegri greining á vanda.

3. Stigs þjónusta

Sérhæfður stuðningur. Barnavernd tilheyrir 3.stigi. Flókin mál og oft mest íþyngjandi úrræðin nýtt á 3. stigi.





Dagskipulag

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudgur
kl. 7:30-9:00 Róleg stund og morgunmatur	kl. 8:00-9:00 Róleg stund og morgunmatur	kl. 8:00-9:00 Róleg stund og morgunmatur	kl. 8:00-9:00 Róleg stund og morgunmatur	kl. 8:00-9:00 Róleg stund og morgunmatur
9:00-11:00 Leikstund/ Skipulagtstarf/ Útivera/	9:00-11:00 Leikstund/Svæði/ Skipulagtstarf Útivera/	9:00-11:00 Leikstund Flæði/Svæði Útivera/	9:00-11:00 Leikstund/Svæði/ Skipulagtstarf/ Útivera/	9:00-11:00 Sönsigtund/ Útivera
11:00-11:45 Hádegisundir- búningur og samvera/ Hádegismatur	11:00-11:45 Hádegisundir- búningur og samvera/ Hádegismatur	11:00-11:45 Hádegisundir- búningur og samvera/ Hádegismatur	11:00-11:45 Hádegisundir- búningur og samvera/ Hádegismatur	11:00-11:45 Hádegisundir- búningur og samvera/ Hádegismatur
11:45-14:30 Hvöld og leikstund	11:45-14:30 Hvöld og leikstund	11:45-14:30 Hvöld og leikstund	11:45-14:30 Hvöld og leikstund	11:45-14:30 Hvöld og leikstund
14:30-15:00 Nónhressing	14:30-15:00 Nónhressing	14:30-15:00 Nónhressing	14:30-15:00 Nónhressing	14:30-15:00 Nónhressing
15:00-16:00 Leikstund/ Svæði	15:00-16:00 Leikstund/ Svæði	15:00-16:00 Leikstund/ Svæði	15:00-16:00 Leikstund/ Svæði	15:00-16:00 Leikstund/ Svæði
16:00-16:30 Róleg stund	16:00-16:30 Róleg stund	16:00-16:30 Róleg stund	16:00-16:30 Róleg stund	16:00-16:30 Róleg stund





Hvíldarstefna Huldubergs

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ber skólanum meðal annars að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna, með því að leggja áherslu á slökun og hvíld yfir leikskóladaginn.

Bæði börn og fullorðnir þurfa að fá nægan svefn og nægilegur svefn er oftast mun meiri en við gerum okkur grein fyrir og mikilvægt er að muna að miðdegissvefn barna er forsenda góðs nætursvefns. Á Huldubergi leggjast öll börn á dýnu með koddra, koddaver og teppi eftir hádegismatinn og ríkir ró og friður í húsinu til kl. 14:00 eða lengur. Svefn hefur áhrif á þroska og vöxt barna og á meðan þau sofa endurnýja þau orku sína, hreinsa heilann af óþarfa upplýsingum og eru tilbúnari að taka við nýjum upplýsingum. Á meðan við sofum minnkar streituhormón (kortisol) en ef barn fær ekki nægja hvíld eykst streituhormónið og barnið verður yfirkeyrt og á erfiðara með að ná sér niður á kvöldin.

Margir foreldrar grípa til þeirra ráða að minnka miðdegissvefn barna sinni í góðri trú um að það sé nauðsynlegt til þess að barnið sofni fyrr á kvöldin. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að svefn barna í leikskólanum fyrir klukkan 15 hafi ekki áhrif á nætursvefn þeirra og ef börn eru vakin úr miðdegissvefnum eða sleppa honum getur það raskað eðlilegu ferli sem svefninn er.

Það kemur fyrir að við erum beðin um að vekja börnin eftir 30-40 mínútur og samkvæmt danska læknum og rithöfundinum Vibeke Manniche, er það eins og að biðja okkur um að gefa barninu helminginn af þeim mat sem það þarfnast. Enda er svefn og hvíld jafn mikilvægur og matur til þess að við getum tekið þátt í líf og starfi. Við vitum öll hvað gerist þegar barnið fær ekki nóg að borða og drekka, það getur verið skaðlegt fyrir heilsu barnsins.

Börn þurfa að fá að sofa sinn svefnhring, sem er um það bil 60 mínútur og þar af leiðandi erum við ekki að vekja þau fyrr. Það er mikilvægt að skoða svefnvenjur áður en við förum að minnka daglúrinn.

Við 2 ára aldur er mjög algengt að börn eru erfið að fara að sofa á kvöldin, þetta er tímabundið ástand og hefur að gera með þroska þeirra („terrible twos“). Mikilvægt er að halda áætlun, setja mörk og standa við orð sín þar sem barnið er að athuga sín mörk.

Við fáum að heyra það reglulega að börnin sofi ekki um helgar en það er stór munur á dögnum heima fyrir og í leikskólanum. Dagur á leikskólanum felur í sér mikinn öflugan leik, mikið áreiti yfir daginn og er mikið um að vera allan daginn, börnin eru í samskiptum við marga, lenda í árekstrum við aðra, finna lausnir og eru á hreyfingu að lágmarki 7 til 8 tíma. Þess vegna þurfa börnin að sofa/hvílast yfir daginn í leikskólanum. Það er ekki það sama og að sitja rólegur við borð og teikna eins og að liggja á dýnu í rólegheitunum og hlusta á lága rólega tónlist og slaka þannig á. Þegar barnið liggur á dýnunni nær það að slaka á öllum líkamanum.

Börn allt upp í fimm ára sofa á daginn, flest hætta því í kringum þriggja ára en við 2,5 ára er sjaldgæft að börn séu hætt að sofa og við 3 ára aldur er algengt að börn séu hætt að sofa. Börn sýna sjálf merki þegar þau er tilbúin að hætta að sofa á daginn, með því að vera ekki þreytt þegar kemur að hvíldar tímanum yfir daginn.

Æskilegur svefn barna

Aldur	Dagslúr	Nætursvefn	Heildarsvefn
1 ára	2-3 klst	11-12 klst.	Amk. 13,25 klst
2 ára	1,5-2,5 klst	Amk. 11 klst	11-14 klst
3 ára	1-1,5 klst	10,5-12,5 klst	11-14 klst.

Matarstefna Huldubergs

Við á leikskólanum Huldubergi setjum heilsu og vellíðan barna í forgang og endurspeglar matarstefna leikskólans það viðhorf okkar.

Með því að fylgja matarstefnu leikskólans leitum við eftir því að skapa umhverfi þar sem börnin geta dafnað og þroskast sem best.

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla „eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði“ í leikskólanum.

Matarframboðið og matseld er í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis, Ráðleggingar um mataræði og næringarefni, Fæðuhringinn og diskinn.

Við bjóðum upp á næringarríkan og fjölbreyttan mat. Matseðillinn okkar inniheldur morgunmat, hádegismat og nónhressingu. Boðið er upp á ávexti og/eða grænmeti yfir daginn.

Börnin hafa alltaf aðgang að vatni, jafnframt er mjólk og vatn í boði í morgunmat og í nónhressingu og vatn er ávallt í boði í hádegismat.

Í morgunmat er súrmjólk og morgunkorn tvisvar í viku og hafragrautur þrisvar í viku, með hafragrautnum er í boðið, kókoskanill, rúsínur einu sinni í viku, epli einu sinni í viku og banana einu sinni í viku.


Í hádegismat er fiskur tvisvar í viku, kjötréttir einu sinni til tvisvar í viku, léttmeti eða grænmetisréttur einu sinni í viku. Með hádegismatnum er ávallt boðið upp á gufusoðið grænmeti, ferskt salat, önnur meðlæti eru heimagera brauð, kartöflur, hrísgrjón eða kúskús.

Í nónhressingu er boðið upp á heimagera brauð þrisvar í viku og hrökkbrauð tvisvar í viku og álegginn eru holl og fjölbreytt.

Mikilvægt er að skapa öruggt umhverfi fyrir börn með fæðuóþol, ofnæmi og eru foreldrar hvattir til að upplýsa leikskólann ef barn er með ofnæmi eða mataróþol. Ávallt þarf að skila inn vottorði frá viðurkenndum lækni.

Við matarinnkaup lágmörkum við kaup á unnum matvælum og tilbúnum réttum.

Maturinn er unninn frá grunni og veljum við ferskan, hollan, og næringarríkan mat.





Á leikskólanum er börnunum boðið viðunandi góð aðstaða og næði til að matast. Þar sem leikskólinn er ung­barnaleikskóli og börnin matast við lágborð getur það reynst starfsfólki erfitt að matast með þeim, en þau hafa oftast tækifæri til að matast á kaffistofu starfsmanna.

Við teljum að matartíminn eigi að vera jákvæð og ánægjuleg upplifun fyrir bæði börnin og kennara okkar. Starfsmenn hvetja börnin til góðrar umgengni, félagslegra samskipta og afslappaðs andrúmslofts á matmálstímanum. Einnig hvetjum við börnin til að smakka nýjan mat en virðum um leið óskir og matarlyst hvers barns.

Í matartímanum fá börnin viðeigandi fræðslu út frá þroska þeirra um hvað sé hollt mataræði og læra að umgangast mat á jákvæðan hátt.

Í leikskólanum er ábyrgðarmaður fyrir stefnu leikskólans í næringarmálum og á þessu skólaári er það Jóna Rún Gísladóttir (aðstoðarleikskólastjóri). Verkefni hans eru að kynna fyrir öllu starfsfólki leikskólans matarstefnu skólans og fyrir foreldrum og forráðamönnum.

Jafnframt starfar stýri­hópur heilsueflandi leikskóla og hittir ábyrgðarmaður stýri­hópinn, leikskólastjóra og yfirmann leikskólaeldhúss að minnsta kosti einu sinni á ári, þar sem farið er formlega yfir matseðla leikskólans og hvað boðið er upp á í morgunverði, ávaxtastund, hádegisverði og síðdegishressingu.

Matarframboðið er borið saman við viðmið og gátlista fyrir næringu, með tillit ráðleggingar Embættis landlæknis fyrir leikskólaeldhús.

Leikskólinn kannar reglulega viðhorf og ánægju foreldra og starfsfólks til matarins í leikskólanum út frá þörfum barnsins. Eftirlit með hreinlæti og þrifum borða er í föstum skorðum líkt og fram kemur í handbók fyrir leikskólaeldhús.

Starfsfólk eldhússins hefur viðeigandi hæfni til að sinna starfi sínu og býðst reglulega símenntun í málaflokkum tengdum starfinu, s.s. í næringarfræði, matvælaöryggi og hreinlæti.



Viðburðir

Menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Í túninu heima

Leikskólinn tekur þátt í bæjarhátíðinni Í túninu heima sem haldin er síðustu helgina í ágúst. Mismunandi er með hvaða hætti það er gert en við skreytum alltaf umhverfið í hverfislitnum, sem er gulur

Alþjóðlegi bangsadagurinn (27. okt.)

Er haldinn hátíðlegur með því að börnin koma með bangsa að heiman, sungin eru bangsalög og lesnar eru bækur um bangsa

Afmæli leikskólans

Afmæli leikskólans er 2. nóvember
Við höldum upp á daginn hátíðlegan, oftast með því að bjóða foreldrum í heimsókn kl. 15:00

Dagur íslenskra tungu (16. nóv.)

Börnin vinna ýmis verkefni

Jól

Sameiginlegt jólaball fyrir börn og starfsfólk um miðjan desember. Börnin fá hátíðarmat og mæta sparílega klædd.

Þorablót leikskólans

Þorablót er haldið á Bóndadegi hvert ár og þorramatur framreiddur

Bolludagur, öskudagur og sprengidagur

Á Bolludegi eru fiskibollur í hádeginu og rjómbollur í nónhressingu. Á Sprengidegi er borðað saltkjöt og baunir. Á þennan hátt er hugað að gamalli íslenskri matarhefð. Á Öskudegi mæta börnin í grímubúningi og „kötturinn“ er sleginn úr tunnunni en í henni er smá glaðningur fyrir hvert barn. Við sláum svo upp dansleik og skemmtilegheitum á eftir.

Kærleiksvika

Í febrúar er bleikur mánuður og ýmis verkefni unnið tengt þemanu

Dagur leikskólans 06. febrúar

Bjóðum foreldrum í heimsókn kl. 15:00

Konudagurinn

Sameiginlegur matur í hádeginu

Sumarhátíðin

Er í kringum 17. júní í boði foreldrafélagsins

Afmæli barna

Afmælisbarnið fær kórónu, það er sunginn afmælissöngur og barnið fær að vera umsjónarmaður þennan dag



Mat á starfi

Mat á starfi leikskólans Huldubergs er tvenns konar; annars vegar sem Hulduberg framkvæmir sjálf og kallast það innra mat og hins vegar sem Mosfellsbær sér um og kallast það ytra mat. Matsnefnd leikskólans er stjórnendateymi skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt. Leikskólinn vinnur að og birtir á heimasíðu skólans starfsáætlun fyrir hvert skólaár, þar er að finna skóladagatal skólans, áherslur í starfi og verkefni og hvernig endurmat skólans er háttað.

Innra mat

Starfsáætlun

Í starfsáætlun sem er að finna á heimasíðu leikskólans er að finna áætlun um innra mat leikskólans. Einnig er að finna á heimasíðu leikskólans upplýsingar um innra mat sem leikskólinn hefur sinn.

TRAS- skimun

Allt árið í kring sjá deildarstjórar um skráningu á TRAS skimun barna á leikskólanum. Þessi skimun fer fram þegar barnið hefur náð 2,4-2,6 ára aldri og er gert með sex mánaða milli bili. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

EFI-2 - Skimun

EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Markmiðið er að meta málþroska barna með skýrum viðmiðum og áreiðanlegu matstæki. EFI-2 er staðlað á Íslandi og er ætlað til notkunar í leikskólum.

Hver er tilgangurinn? Að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda. Góður málþroski er nauðsynleg undirstaða lestrarnáms í grunnskóla og ekki síst fyrir lífið.

Ytra mat

Samkvæmt lögum um leikskóla (90/2008) lætur mennta- og barnamálaráðuneytið fara fram skipulagt ytra mat á einum leikskóla á ári. Rekstraraðili leikskóla getur einnig látið framkvæma slíkt mat. Leikskólinn skilar einnig árskýrslu til leikskólafulltrúa, en þar er fjallað um það starf sem unnið hefur verið síðastliðið ár. Skólafulltrúi tekur síðan saman úttekt úr öllum árskýrslum frá leikskóla í sveitarfélaginu og leggur fyrir fræðslunefnd sem vísar til bæjarstjórnar.

Foreldrakönnun - Skólapúlsinn

Er gerð annað hvert ár en þar eru foreldrar beðnir að svara nafnlausri könnun um starfshætti leikskólans. Niðurstöður eru teknar saman, kynntar fyrir foreldrum og notaðar til að efla starf leikskólans.

